

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 556



Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík
Komiðagur 17/12 1996
Reykjavík, 16. desember 1996

Efni: Frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 100. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn miðstjórnar ASÍ um ofangreint frumvarp. Miðstjórn ASÍ hefur áður veitt umsögn sína um þetta frumvarp og er hún hér með endursend.

"Á undanförunum árum hefur sá mismunur sem verið hefur á aðferðum við reikningsskil ríkissjóðs og gerð fjárlaga iðulega valdið miklum misskilningi og óþarfa togstreitu í framhaldi af því. Eðlilegt er að samræma þessar aðferðir innbyrðis og einnig gagnvart almennum reikningsskilavenjum, með því að hafa rekstrargrunninn sem meginreglu en nota sjóðsstreymisyfirlit til þess að meta greiðslustöðu ríkissjóðs. Jafnframt er eðlilegt að fella umfjöllunina um lánsfjárlög undir fjárlagagerðina að öðru leiti.


Það er einnig fagnaðarefni að ákveðið verði að gera skilmerkilega grein fyrir öllum skatttekjum ríkissjóðs, þ.m.t. öllum þeim þjónustugjöldum sem stjórnvöld hafa lagt á landsmenn á undanförunum árum. Hingað til hefur ekki með góðu móti verið hægt að fá slíkt yfirlit þar sem þau hafa ekki verið bókuð sérstaklega.

Full ástæða er til að fagna framlagningu þessa lagafrumvarps á þeirri forsendu að með því mun öll umfjöllun og pólistísk stefnumörkun um starfsemi ríkisins verða auðveldari og skilvirkari.

Þó er ástæða til þess að vara við þeim sjónarmiðum sem koma fram í greinargerð með þessu lagafrumvarpi, þar sem viðhorf og aðferðafræði frá Stóra-Bretlandi og Nýja-Sjálandi eru rómuð í hástert (bls. 11). Hafa verður í huga að hlutverk og markmið með starfsemi ríkisins eru í grundvallar atriðum önnur en starfsemi einkafyrirtækja. Þó rík ástæða sé að meta árangur af starfsemi ríkisins eru einnig verulegar skorður á því hversu mikið hægt er að auka "sveigjanleika til athafna og frumkvæðis stjórnenda ríkisins". Fara verður varlega í að færa pólitíska ábyrgð stjórnmalamanna á þeirri þjónustu sem ríkið á að veita til einstakra forstöðumanna og stjórnenda ríkisins, án þess að samtímis verði hugað að lýðræðislegum áhrifamöguleikum íbúanna."

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með kveðju,


Gylfi Arnbjörnsson
hagfræðingur ASÍ